

Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um Innu – upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni.

1. Hver er heildarkostnaður við Innu – upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla?
2. Hver er árlegur kostnaður við kerfið og endurbætur þess og hver er áætlaður rekstrar-kostnaður kerfisins næstu árin?
3. Hver sér um rekstur kerfisins, var verkið boðið út og til hve langs tíma var samið um rekstur þess?
4. Hver er greiðsluþátttaka framhaldsskólanna í kerfinu og hvert renna þær greiðslur?
5. Er framhaldsskólum skylt að vera hluti af þessu kerfi? Hafa einhverjir framhaldsskólar komist hjá því að vera í kerfinu og ef svo er, hvaða skólar eru það?
6. Vinnur menntamálaráðuneytið einhverjar upplýsingar úr kerfinu og ef svo er, hvaða upplýsingar?

Skriflegt svar óskast.